

9. 12.2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/566
komudagur 9.12.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, mál 239, um tekjuöflun ríkisins, mál 256 og um umhverfis- og auðlindaskatt, mál nr. 257.

Vísað er til tölvupósts efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar ÁTVR um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, 239. mál, frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. mál og frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt, 267 mál.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (breyting ýmissa laga, hækkun gjalda) 239 mál.

ÁTVR gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

ÁTVR vill hins vegar benda á að í athugasemdum við frumvarpið þar sem fjallað er um 7. grein segir: Áætluð áhrif á smásöluverð eru nokkuð mismunandi eftir tegundum, **mest á bjór en minnst á sterka drykki**. Samkvæmt útreikningum ÁTVR er **hækkunin mest á sterka drykki en minnst á bjór**.

Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins (breyting ýmissa laga, auknar tekjur ríkissjóðs) 256. mál.

ÁTVR gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt (heildarlög, kolefnisgjald og skattur á raforku og heitt vatn) 257. mál.

ÁTVR gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
Sigrún Ósk Sigurðardóttir
aðstoðarforstjóri

 VÍNBUÐIN | ÁTVR